

Áfangaskýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

5. febrúar 2010

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.	1
2. Hvað er staðgögnnumæðrun?	2
3. Læknisfræðileg álitafni.	2
Tilfni	2
Staðgöngumóðir	3
Áhætta	3
Þörf	3
4. Siðferðileg álitamál.	4
Inngangur	4
Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni	4
Staðgöngumæðrun sem velgjörð	6
Velgjörð, hagnaður og auglýsingar	6
Uppruni einstaklings; sjálfsmynd og tengsl við foreldra	7
Staða systkina; börn staðgöngumóður	8
Dæmi um álitafni sem risið hafa tengt staðgöngumæðrun	8
Samantekt	9
5. Löggjöf um staðgöngumæðrun.	10
Ísland	10
Norðurlönd	12
Danmörk	12
Finnland	12
Noregur	12
Svíþjóð	12
Önnur Evrópulönd	13
Bretland	13
Holland	13
Belgía	13
Úkraína	14
Önnur lönd	14
Bandaríkin	14
Ísrael	15
Indland	16
Samantekt	16
6. Lokaorð	17
Heimildaskrá	18

Áfangaskýrsla vinnuhóps um staðgöngumæðrun.

1. Inngangur.

Þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, skipaði í lok janúar 2009 vinnuhóp “til að skoða siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitæfni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi.” Í vinnuhópnum voru Guðríður Þorsteinsdóttir sviðsstjóri lagasviðs ráðuneytisins, Kristján Oddsson yfirlæknir og Ástríður Stefánsdóttir dósent við Háskóla Íslands.

Í maí 2008 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun nr. 55/1996, þar sem m.a. var lagt til að einhleypum konum yrði heimilt að gangast undir tæknifrjóvgunarmedferð. Í athugasemdum við frumvarpið kom fram að nefnd sem undirbjó frumvarpið hefði rætt þann möguleika að heimila staðgöngumæðrun, en komist að þeirri niðurstöðu að slíkar breytingar þyrftu að fá vandaða og ítarlega umræðu og umfjöllun í samfélaginu áður en tillögur að slíkum breytingum yrðu lagðar fyrir Alþingi. Taldi nefndin tímabært að sú umræða yrði hafin og er vikið stuttlega að álitæfnum sem uppi eru varðandi staðgöngumæðrun í greinargerð með frumvarpinu.¹ Haustið 2008 beindi Ragnheiður Elín Árnadóttir alþingismaður fyrirspurn til heilbrigðisráðherra varðandi vinnu á vegum ráðuneytisins til þess að hefja umræðu um hvort heimila ætti staðgöngumæðrun. Í svari ráðherra kom fram að hann hefði ákveðið að setja af stað hóp til þess að skoða málið út frá læknisfræðilegum, lagalegum og siðfræðilegum forsendum og var vinnuhópurinn eins og fyrir greinir skipaður í lok janúar 2009.

Vinnuhópurinn hefur rætt málið ítarlega á fundum sínum og aflað ýmissa gagna og upplýsinga um staðgöngumæðrun, m.a. um læknisfræðilegar ábendingar, hvar staðgöngumæðrun sé leyfð og með hvaða skilyrðum. Þá hefur hópurinn leitast við að greina helstu siðferðileg álitamál tengd staðgöngumæðrun, m.a. með því að kynna sér skrif erlendra fræðimanna um þetta efni. Loks hefur vinnuhópurinn leitað eftir sjónarmiðum aðila sem hafa hagsmuna að gæta og aðila sem hafa reynslu og þekkingu á þessu sviði. Áslaug Einarsdóttir lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu hefur aðstoðað vinnuhópinn við samantekt á upplýsingum um lagalega stöðu staðgöngumæðrunar í öðrum löndum. Vonast er til að þær upplýsingar og sjónarmið sem fram koma í skýrslunni geti orðið grundvöllur upplýstrar umræðu um hvort leyfa beri staðgöngumæðrun hér á landi og þá með hvaða skilyrðum.

¹ Þskj. 184, 120. lþ. 154. mál (<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0992.html>) Sjá nánar kafla 5.1

2. Hvað er staðgöngumæðrun?

Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona (staðgöngumóðir) gengur með barn fyrir þar eða einstakling (verðandi foreldra eða foreldri) og hefur fallist á fyrir meðgönguna að afhenda þeim barnið eftir fæðingu.

Hefðbundin staðgöngumæðrun (e. traditional or partial surrogacy) kallast það þegar staðgöngumóðirin gengur með sitt eigið barn í þeim tilgangi að afhenda það erfðafræðilegum föður og hugsanlega konu hans eða sambúðaraðila. Barnið getur verið getið með samförum (e. sexual intercourse), heimasæðingu með fersku eða frosnu sæði (e. home [artificial insemination](#)) eða tæknisæðingu (e. intrauterine insemination or intracervical insemination). Sé ekki hægt að nota sæði frá verðandi föður er hægt að nota gjafasæði. Tilefni (ábending) fyrir notkun gjafasæðis getur t.d. verið vöntun á sæðisfrumum eða erfðagalli hjá verðandi föður, verðandi foreldrar eru báðir konur eða verðandi foreldri er einstæð kona.

Staðgöngumæðrun þegar hin þungaða kona hefur enga erfðafræðilega tengingu við barnið og það er getið með glasafrjóvgun (IVF)² hefur verið kallað staðgöngumeðganga eða full staðgöngumæðrun (e. gestational surrogacy, full surrogacy, IVF surrogacy). Í slíku tilfelli geta báðar kynfrumur komið frá verðandi foreldrum, báðar kynfrumur komið frá egg- og sæðisgjöfum vegna vöntunar á kynfrumum beggja verðandi foreldra eða vegna alvarlegs erfðagalla þeirra. Loks getur önnur kynfruma komið frá öðru foreldranna og hin kynfruman frá kynfrumugjafa. Þessi aðferð krefst glasafrjóvgunar.

3. Læknisfræðileg álitaeefni.

3.1 Tilefni

Hugsanlegum læknisfræðilegum ábendingum (tilefnum) fyrir staðgöngumæðrun má í aðalatriðum skipta í tvennt. Í fyrsta lagi beinar ábendingar sem eru vegna meðfædds legleysis (Mayer-Rokitansky-Küster-Hauser heilkenni), sjúkdóms í legi, t.d. krabbameins í legi eða leghálsi eða legnáms í kjölfar fæðingar vegna stjórnlausrar blæðingar. Einnig getur verið um að ræða skemmd í legi vegna örmyndunar (Ashermans heilkenni) eða vöðvahnúta (leiomyoma). Í öðru lagi hugsanlegar óbeinar ábendingar vegna sjúkdóms móður þar sem þungun getur stefnt lífi móður eða verðandi barns í alvarlega hættu. Má í

² IVF er skammstöfun á In Vitro Fertilisation, eða glasafrjóvgun þ.e. “Aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjóvguð með sæðisfrumu utan líkamans” 3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun o.fl..

Því sambandi nefna sjúkdóma eins og t.d. hjartabilun, nýrnabilun eða að móðirin er líffæraþegi, þ.e.a.s. ástand þar sem móðir getur haft verulega skertar lífslíkur. Aðrar hugsanlegar óbeinar ábendingar fyrir staðgöngumæðrun eru endurtekin fósturlát eða endurteknar misheppnaðar tæknifrjóvganir. Önnur tilefni geta verið hentugleikar móður, þ.e. að hún vilji ekki leggja á sig að ganga með og ala barn. Einnig getur verið um að ræða samkynhneigða karla eða einhleypan karl sem óska eftir að eignast barn með staðgöngumæðrun.

3.2 Staðgöngumóðir

Staðgöngumóðir þarf að vera heilsuhraust þannig að meðganga og fæðing skapi ekki áhættu fyrir hennar eigin heilsu. Æskilegt er talið að staðgöngumóðir hafi fætt a.m.k. eitt barn og helst átt þau börn sem hún hafði í hyggju að eignast með sínum maka. Staðgöngumóðir eða egggjafi ætti ekki að vera eldri en 35 ára vegna aukinnar hættu á litningagöllum fósturs og þeirri áhættu sem fylgir meðgöngu með hækkandi aldri.

3.3 Áhætta

Séu settir upp fleiri en einn fósturvísir við tæknifrjóvgun eykst möguleiki á fjölburafæðingum og slíkar þunganir auka hættu á fyrirburafæðingu. Því ætti ekki að setja upp fleiri en einn fósturvísi hjá verðandi staðgöngumóður. Þriðjungur eða allt að helmingur af ungbarnadauða (e. infant mortality) er vegna fylgikvilla fyrirburafæðinga. Hér þó um að ræða áhættu sem fylgir öllum fjölburafæðingum. Upplýsingar varðandi aukna læknisfræðilega áhættu vegna staðgöngumæðrunar með tæknifrjóvgun eru byggðar á fáum tilfellarannsóknum (e. case series). Í dag er ekki ljóst hvort læknisfræðileg áhætta við tæknifrjóvgun staðgöngumæðra er önnur en við aðrar tæknifrjóvganir. Flestar tilfellarannsóknir benda þó til að ekki sé aukin læknisfræðileg áhætta tengd tæknifrjóvgun staðgöngumæðra.

3.4 Þörf

Á Íslandi er meðfætt eða áunnið legleysi sjaldgæft. Áætlað er að meðfætt legleysi (Mayer-Rokitansky-Küster-Hauser heilkenni) finnist hjá einni konu af hverjum 4.500.^{3 4} er skemmd í legi vegna samvaxta (Ashermans heilkenni) einnig sjaldgæf en engar tíðnitölur eru þekktar.⁵ Legmissir í kjölfar fæðingar hefur í tveimur rannsóknum verið

³ [Morcel K, Guerrier D, Watrin T, Pellerin I, Levêque J. The Mayer-Rokitansky-Küster-Hauser \(MRKH\) syndrome: clinical description and genetics. *J Gynecol Obstet Biol Reprod \(Paris\)*. 2008 Oct;37\(6\):539-46.](#)

⁴ [Morcel K, Camborieux L; Programme de Recherches sur les Aplasies Müllériennes, Guerrier D. Mayer-Rokitansky-Küster-Hauser \(MRKH\) syndrome. *Orphanet J Rare Dis*. 2007 Mar 14;2:13.](#)

⁵ [Berman JM. Intrauterine adhesions. *Semin Reprod Med*. 2008 Jul;26\(4\):349-55.](#)

áætlaður 0.77-0.86 fyrir hverjar 1000 fæðingar.^{6 7} Lítið er vitað um þörf vegna erfðasjúkdóma.

Erfitt er að meta heildarþörf fyrir staðgöngumæðrun, en þörfin færi aðallega eftir því hvaða ábendingar væru viðurkenndar. Miðað við beinar ábendingar, sbr. kafla 3.1 hér á undan mætti áætla að þörfin væri á bilinu núll til fimm pör eða einstaklingar árlega. Verði staðgöngumæðrun leyfð má hugsanlega gera ráð fyrir uppsafnaðri þörf í byrjun þar sem staðgöngumæðrun hefur verið óheimil á Íslandi.

4. Siðferðileg álitamál.

4.1 Inngangur

Mikil vanlíðan getur fylgt því að langa til að eignast barn en geta það ekki. Staðgöngumæðrun getur í ákveðnum tilvikum verið eina leiðin til að uppfylla þá ósk. Þó um þetta verði ekki deilt tengjast þessari lausn engu að síður ýmis siðferðileg álitafni sem drepið verður á í þessum kafla.

Út frá siðferðilegu sjónarmiði er gagnlegt að gera greinarmun á annars vegar því sem kalla má staðgöngumæðrun sem velgjörð og hins vegar staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. Hið fyrra á við þegar kona gengur með barn fyrir aðra konu í þeim tilgangi að láta gott af sér leiða (velgjörð). Oft er hún skyld þarinnu sem tekur við barninu eða náinn vinur þeirra. Hið síðara á við þegar kona gengur með barn fyrir aðra konu (þar) í hagnaðarskyni.

4.2 Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni

Þeir sem fjallað hafa um siðferðileg álitamál tengd staðgöngumæðrun hafa í flestum tilfellum lagst gegn því að leyfa slíkt gegn greiðslu.⁸ Þau rök sem helst hefur verið vísað til eru:

1. Að slíka greiðslu megi sjá sem einhvers konar form af viðskiptum með börn.⁹ Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni sé í andstöðu við þá hugsun að líta beri á

⁶ [Stivanello E, Knight M, Dallolio L, Frammartino B, Rizzo N, Fantini MP. Peripartum hysterectomy and cesarean delivery: a population-based study. Acta Obstet Gynecol Scand. 2010 Jan 17.](#)

⁷ [Whiteman MK, Kuklina E, Hillis SD, Jamieson DJ, Meikle SF, Posner SF, Marchbanks PA. Incidence and determinants of peripartum hysterectomy. Obstet Gynecol. 2006 Dec;108\(6\):1486-92.](#)

⁸ Det Etske Råds udtalelse om rugemødre, 21.mai, 2008. <http://www.etiskraad.dk/sw17745.asp> (16.nóv. 2009). Sjá einnig M.M.Tieu. "Altruistic surrogacy: the necessary objectification of surrogate mothers". J Med Ethics. 2009; 35:171-175

sérhvert barn sem verðmæti í sjálfu sér og aldrei eigi að líta á það sem söluvöru. Barnið verði ekki metið til fjár. Ef slíkt yrði leyft myndi það bjóða heim þeirri hugsun að til væri markaður með börn þar sem þau gætu jafnvel orðið misverðmæt eftir eiginleikum þeirra.

2. Að með staðgöngumæðrun sé verið nota þá konu sem gengur með barnið til að ná fram markmiðum sem ekki eru hennar eigin. Þetta geri stöðu hennar veika og hætta sé á kúgun þar sem virðingu hennar sé misboðið.¹⁰ Þótt þessi hugmynd sé tengd stöðu allra staðgöngumæðra hvort sem gengið er með barnið sem velgjörð eða í hagnaðarskyni, þá er talin meiri hætta á kúgun og vanvirðingu þegar greitt er fyrir meðgönguna. Þá sé til dæmis líklegra að konur sem búi við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður gerist staðgöngumæður.¹¹ Þá er algengara að félagsleg staða kaupanda og seljanda sé ólík, þar sem kaupendur þjónustunnar eru vel stæðir, fjárhagslega og félagslega en staðgöngumóðir býr við lakari aðstæður og kjör. Vitað er að fólk frá Vesturlöndum leitar til fátækari landa (d:Indlands) til að fá þjónustu staðgöngumæðra. Reynslan sýnir einnig að í Bandaríkjunum þar sem greitt hefur verið fyrir þessa þjónustu hefur hún færst meira til kvenna sem lifa við erfiðar félagslegar aðstæður.¹²
3. Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni hefur verið líkt við vændi þar sem konan sem gengur með barnið selur aðgang að líkama sínum.¹³ Er það enn ein líkingin sem notuð er til að orða þá misnotkun sem erfitt getur verið að verjast.
4. Aðrir telja að þegar staðgöngumóðir þiggur greiðslu fyrir að ganga með barn fyrir aðra konu sé framlag staðgöngumóður einmitt viðurkennt með greiðslunni og hún sé í fullum rétti að hagnast á verknaðinum. Þessum rökum hefur m.a. verið svarað með því að benda á að það að ganga með barn fyrir aðra konu verði aldrei metið

⁹ Det Etske Råds udtalelse om rugemødre, 21.mai, 2008. <http://www.etiskraad.dk/sw17745.asp> (16.nóv. 2009).

¹⁰ Hér vísað í hugmyndir Immanúels Kants í siðfræði sjá: Immanuel Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Lærdómsrit Hins íslenska bókmenntafélags 2003. Umfjöllun um þetta efni þar sem það er tengt við siðferðilega stöðu staðgöngumóður má til dæmis sjá í greininni: Anton van Niekerk og Liezl van Zyl. The ethics of surrogacy: women's reproductive labour. *Journal of medical ethics*, 1995; 21: 345-349

¹¹ Det Etske Råds udtalelse om rugemødre, 21.mai, 2008. <http://www.etiskraad.dk/sw17745.asp> (16.nóv. 2009). bls. 3 af 11.

¹² Ragoné Helena: *Surrogate Motherhood: Conception In The Heart*. West view Press, 1994

¹³ Anton van Niekerk og Liezl van Zyl. The ethics of surrogacy: women's reproductive labour. *Journal of medical ethics*, 1995; 21: 345-349

til fjár. Það sé niðurlægjandi fyrir konuna og jafnvel barnið að gera slíkt fyrir peninga enda sé um að ræða hvorutveggja verknað og tilvist sem ekki eigi að vera söluvara (sjá lið 1). Ef litið sé á staðgöngumæðrun sem söluvöru þá sé ekki einvörðungu verið að hlutgera barnið heldur sé jafnframt hætta á að farið verði að líta á konuna sem gengur með barnið eins og ”hýsil” utan um fóstur í stað þess að líta á hana sem einstakling með markmið, tilfinningar og þarfir.¹⁴

Meðal annars vegna ofangreindra álitaefna hafa flest lönd í Evrópu, sem á annað borð leyfa staðgöngumæðrun, bannað staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni.

4.3 Staðgöngumæðrun sem velgjörð

Það er vel þekkt að konur óska eftir því að fá að ganga með barn fyrir aðra konu til að láta gott af sér leiða. Er þá oftast um að ræða nán tengsl á milli staðgöngumóður og verðandi foreldra barnsins. Konurnar geta til dæmis verið vinkonur, systur eða jafnvel mæðgur. Þá er gengið út frá því að allir aðilar sem að málinu koma, séu þátttakendur af fúsum og frjálsum vilja. Ekki er ástæða til að ætla að slíkt hafi neikvæðar afleiðingar. Þegar nán tengsl eru á milli staðgöngumóður og uppeldisforeldra ber þó ekki síður að leggja áherslu á mikilvægi þess að ekki sé nein þvingun til staðar. Sú tilfinning að finnast manni bera skylda til að koma til aðstoðar í vanda náinna vina eða ættingja getur verið sterk og íþyngjandi. Ef sú leið að ganga með barn fyrir aðra konu er á annað borð möguleg og jafnvel viðtekin lausn á ófrjósemi getur það orðið kvöð fyrir þá konu sem næst stendur að bjóða upp á þennan valkost.¹⁵

Telja verður víst að það form sem hér er nefnt hafi í einhverjum mæli átt sér stað í gegnum aldirnar án afskipta opinberra yfirvalda. Slíkt hefur þá fyrst og fremst gerst í tilvikum þar sem ekki er þörf á utanaðkomandi tækniástoð. Staðgöngumóðir leggur þá til eigið egg, en fær sæði frá verðandi föður. Hún gengur með barnið en gefur það frá sér við fæðingu til verðandi foreldra barnsins.

4.4 Velgjörð, hagnaður og auglýsingar

Þó greinarmunur hafi hér verið gerður á staðgöngumæðrun sem velgjörð og staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni og hann talinn mikilvægur, þá getur munurinn verið óljós. Jafnvel þótt litið sé á meðgönguna fyrst og fremst sem gjöf hefur í mörgum tilvikum verið litið svo á að það sé réttlætismál að greiða tiltekna fjárhæð fyrir staðgöngumeðgöngu, svo sem vegna læknskostnaðar og tekjutaps. Má sem dæmi nefna

¹⁴ M.M.Tieu. “Altruistic surrogacy: the necessary objectification of surrogate mothers”. J Med Ethics. 2009; 35:171-175

¹⁵ Sjá um fjöllun um þetta hjá Det Etske Råds udtalelse om rugemødre, 21.maí, 2008. <http://www.etiskraad.dk/sw17745.asp> (16.nóv. 2009).

þá þróun sem orðið hefur í Bretlandi. Þar er meðganga í hagnaðarskyni bönnuð en greiðsla vegna kostnaðar eða jafnvel e.k. miska er leyfð. Greiðslan sem oft er umtalsverð verður því viðtekin. Í raun er þá komið markaðsverð á hverja meðgöngu, þó þar í landi sé bannað að ganga með barn fyrir aðra konu í hagnaðarskyni.¹⁶ Þar sem mörkin eru ekki skýr getur verið erfitt að hindra að staðgöngumæðrun verði að markaðsvöru ef hún er leyfð á annað borð. Til að sporna við þeirri tilhneigingu að um bein viðskipti verði að ræða hefur sums staðar verið farin sú leið að banna auglýsingar eftir þjónustu staðgöngumæðra.¹⁷ Þar með er það talið líklegra að kona gerist einvörðungu staðgöngumóðir þegar eru nán tengsl á milli þeirra sem að málinu koma.

4.5 Uppruni einstaklings; sjálfsmynd og tengsl við foreldra

Fram til þessa hafa hugmyndir okkar um hvað það merkir að vera „móðir barns“ annars vegar og „faðir barns“ hins vegar, fyrst og fremst byggst á hugmyndum um erfðafræðileg tengsl. Slík skilgreining á merkingu þess að vera foreldri hlýtur þó einnig að vera félagsleg. Oftast fer þetta saman og hinir erfðafræðilegu foreldrar eru einnig félagslegir foreldrar barnsins. Ef staðgöngumæðrun er leyfð er opnað á alls kyns nýja möguleika þegar hugað er að uppruna barns og tengslum foreldra og barns. Olga B.A. van den Akker bendir í grein sinni „Psychosocial aspects of surrogate motherhood“ á níu mögulegar leiðir til að geta afkvæmi í tilvikum þar sem um staðgöngumóður er að ræða.¹⁸ Getur þar verið um að ræða gjafaegg sem frjóvgað er með gjafasæði og sett upp hjá staðgöngumóður sem gengur með barnið, einnig getur verið egg frá uppeldismóður og sæði frá óþekktum gjafa eða egg getur verið frá staðgöngumóður og sæði frá uppeldisföður svo nokkrir möguleikar séu nefndir. Þessi fjöldi möguleika gerir skilning okkar á hugtakinu „móðir mín“ annars vegar og „faðir minn“ hins vegar óljósari. Þeirri spurningu má varpa fram hvort slíkur margþættur uppruni geti haft áhrif á sjálfsvitund hins fullorðna einstaklings þegar fram í sækir. Ólíklegt verður að teljast að til sé þekking sem byggir á rannsóknum á fullorðnum einstaklingum sem alist hafa upp með slíkan bakgrunn.¹⁹

¹⁶ Jackson, Medical Law: Text, Cases and Materials (Oxford University Press, 2006,) P. 875

¹⁷ Det Etske Råds udtalelse om rugemødre, 21.mái, 2008. <http://www.etiskraad.dk/sw17745.asp> (16.nóv. 2009).

¹⁸ Olga B.A. van den Akker. „Psychosocial aspects of surrogate motherhood“. Human Reproduction Update, Vol.13, No.1 pp. 53-62, 2007.

¹⁹ Í tveimur neðantöldum greinum er fjallað um tengsl uppeldisforeldra og barns þar sem staðgöngumóðir gekk með barnið. Í báðum greinum virðast líðan og tengsl barna og foreldra vera góð. Hér er þó einvörðungu vísað í rannsóknir á börnum en ekki fjallað um stöðu fullorðinna einstaklinga: Olga B.A. van den Akker. “Psychological aspects of surrogate motherhood”. Human reproduction Update, vol.13, No1 pp.53-62, 2007. Susan Golombok, Fiona MacCallum, Clare Murray, Emma Lycett, Vasanti Jadva. “Surrogacy families: parental functioning, parent-

4.6 Staða systkina; börn staðgöngumóður

Þar sem staðgöngumæðrun hefur verið leyfð er yfirleitt mælt með því að kona sem ákveður að gerast staðgöngumóðir hafi átt börn áður. Það er talið mikilvægt til að hún sé vel meðvituð um hvað felst í því að ganga með barn og geti betur gert sér grein fyrir hvað hún sé að fara út í. Þessi kvöð felur þó í sér að konan á alla jafna börn fyrir sem fylgjast með meðgöngunni og eru óhjákvæmilega þátttakendur í þessu ferli móður sinnar. Þegar um meðgöngu er að ræða þar sem barnið mun verða hluti af fjölskyldunni, skapast væntingar og tilhlökkun hjá eldri systkinum. Í tilvikum þar sem kona gengur með barn sem gefa á inn í aðra fjölskyldu verða hugsanlega önnur tengsl og upplifun á því ferli sem hér á sér stað. Ekki er hægt að útiloka að þátttaka barnanna í ferli sem þessu hafi einhver skaðleg áhrif á þau til dæmis að það valdi þeim sorg eða þau upplifi missi þegar barnið er gefið.

4.7 Dæmi um álitæfni sem risið hafa tengt staðgöngumæðrun:

1. Staðgöngumóðir neitar að afhenda barnið eftir fæðingu. Flestar þjóðir sem leyfa staðgöngumæðrun telja mikilvægt að skilgreina „móður barns“ samkvæmt lögum sem þá konu sem fæðir barnið. Hún er því móðir barnsins þar til hún gefur það til ættleiðingar.²⁰ Gildir þar einu þó erfðæfni barns komi alfarið frá verðandi uppeldisforeldrum. Þetta þykir mikilvægt ákvæði því það geta skapast tengsl milli móður og barns við meðgöngu sem erfitt getur verið að rjúfa. Eru þessi líkamlegu tengsl þar með talin mikilvægari en erfðaeiginleikar barnsins og þær væntingar sem óhjákvæmilega skapast hjá hinum verðandi foreldrum á meðan á meðgöngu stendur. Önnur ástæða þess að lög gera yfirleitt ráð fyrir þessari skipan er sú að það er talið of flókið í framkvæmd að gera almennt ráð fyrir þeim möguleika að móðir barns sé önnur kona en sú sem gengur með barnið og fæðir það.
2. Parið sem taka á við barni neitar því. Má sem dæmi nefna tilvik þar sem aðstæður parsins höfðu breyst, barnið var með fötlun eða veikt og stóð því ekki undir þeim væntingum sem gerðar voru eða staðgöngumóðir gekk með fleiri en eitt barn en einungis var óskað eftir einu barni. Dómsmál þar sem foreldraábyrgð var óljós, eru vel þekkt.²¹
3. Staðgöngumóðir óskar eftir að halda tengslum við barnið eftir að hún lætur það frá sér en uppeldisforeldrar eru andvígir slíkum tengslum.

child relationships and children's psychological development at age 2". *Journal of Child Psychology and Psychiatry* 47:2 (2006), pp 213-222.

²⁰ Jackson, *Medical Law: Text, Cases and Materials* (Oxford University Press, 2006,) P. 872. Sjá einnig umfjöllun í kafla 5 hér að neðan.

²¹ Jackson, *Medical Law: Text, Cases and Materials* (Oxford University Press, 2006,) P. 875

Þau álitamál sem nefnd eru hér að ofan eru dæmi um tilvik sem þekkt eru þegar um staðgöngumæðrun er að ræða og minna á mikilvægi þess að hafa skýra löggjöf og reglur um staðgöngumæðrun ef hún er leyfð. Mál af þessum toga geta risið jafnt þegar um er að ræða staðgöngumóður af sömu fjölskyldu (eða náin vinatengsl) og parið og þegar einvörðungu er um viðskiptatengsl að ræða. Þó það sé að jafnaði talið heppilegra að staðgöngumæðrun sé framkvæmd af velgjörð og að tengsl séu góð á milli staðgöngumóður og verðandi foreldra barns þá geta náin tengsl gert vanda eins og minnst er á hér að ofan erfiðari og haft víðtækari afleiðingar fyrir líf þeirra sem að málum koma ef hann rís á annað borð.

4.8 Samantekt

Staðgöngumæðrun getur verið farsæl lausn á vanda pars (eða einstaklings) sem á við ófrjósemisvanda að stríða. Slík skipan getur leitt til aukinnar hamingju fyrir alla þá sem að málinu koma. Meiri líkur eru taldar á að vel takist til í tilvikum þar sem staðgöngumóðirin framkvæmir verknaðinn sem velgjörð við parið en ef slíkt er gert í hagnaðarskyni. Engu að síður ber þó að gæta varúðar og draga einnig fram siðferðileg rök gegn staðgöngumæðrun. Þau rök sem hér um ræðir lúta fyrst og fremst að hinni viðkvæmu stöðu sem konan sem gengur með barnið er í en einnig að stöðu hins verðandi barns. Draga má þau saman á eftirfarandi máta:

- Ef staðgöngumæðrun væri leyfð gæti það leitt til þess að farið væri að líta á börn sem söluvöru. Slíkt má ekki gerast því þau hafa *eigingildi* sem ekki má grafa undan.
- Að með staðgöngumæðrun sé hætta á að konan sem gengur með barnið sé notuð í þágu annarra og henni sem persónu sé ekki sýnd nægjanleg virðing. Það má orða þannig að með slíkri skipan sé hætta á að litið væri á konuna sem gengur með barnið sem *tæki* en ekki *markmið* í sjálfu sér.²²
- Út frá sjónarhóli kvenna sérstaklega má benda á þá hættu að við staðgöngumæðrun verði litið á líkama konunnar sem söluvöru. Við það skapist möguleiki á að kúga konur til að selja aðgang að líkama sínum á nýjan og enn alvarlegri máta en áður hefur þekkt. Sérstaklega ber að vara við þessu ef staðgöngumæður eru fyrst og fremst úr lægri stéttum samfélagsins og/eða koma frá ríkjum þar sem fátækt er viðvarandi.

Að lokum má segja að ferli meðgöngu og fæðingar hefur að jafnaði djúpa merkingu fyrir sérhverja konu sem gengur í gegnum þá reynslu. Með því að heimila staðgöngumæðrun er hætta á að grafið sé undan merkingu meðgöngunnar bæði sem upplifun konunnar sem gengur með barnið og einnig í hugum annarra. Sú hætta verður þá fyrir hendi að konan

²² Með orðunum *tæki* annars vegar og *markmið* hins vegar er vísað í orðalags heimspekingsins Immanuels Kants sjá til dæmis í: Immanuel Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breyttni*. Lærdómsrit Hins íslenska bókmenntafélags 2003.

líti á sig og aðrir líti á hana fyrst og fremst sem hýsil utan um verðandi barn. Slíka sýn á meðgöngu konunnar ber að varast.

5. Löggjöf um staðgöngumæðrun.

5.1 Ísland

Ákvæði um staðgöngumæðrun er að finna í lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum.²³ Í 1. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á staðgöngumæðrun: “Tæknifrjógungun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.” Tæknifrjógungun er samkvæmt skilgreiningu laganna: “Getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjógungun.” Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laganna er staðgöngumæðrun óheimil.²⁴

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 55/1996 er fjallað um ýmis álitæfni í almennum athugasemdum og segir þar um staðgöngumæðrun:

“Með staðgöngumæðrun er átt við þegar tæknifrjógungun er framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og láta það af hendi til hennar strax eftir fæðingu. Við staðgöngumæðrun er fósturvísunum með kynfrumum parsins sem ætlar að fá barnið að fæðingu lokinni ýmist komið fyrir í staðgöngumóður eða staðgöngumóðirin leggur til eigin eggfrumu en sæðisfrumur koma frá eiginmanni eða sambylismanni konunnar sem á að fá barnið eftir fæðingu. Margvísleg siðfræðileg álitamál koma upp við staðgöngumæðrun. Aðalálitæfnið er móðerni barnsins, einkum í þeim tilvikum þegar fósturvísunum með kynfrumum parsins sem fá á barnið eftir fæðingu er komið fyrir í staðgöngumóðurinni. Í meginreglum sérfræðinganevndar Evrópuráðsins um tæknifrjógungun er gert ráð fyrir að kona sem fæðir barn skuli ætíð teljast móðir þess, án tillits til uppruna eggfrumnanna. Rétt þykir að leggja til að staðgöngumæðrun verði óheimil”.²⁵

Ekki er að finna frekari rökstuðning fyrir ákvæði 4. málsg. 5. gr. um bann við staðgöngumæðrun í frumvarpi því er varð að lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógungun.

Í maí 2008 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um tæknifrjógungun nr. 55/1996, þar sem m.a. var lagt til að einhleypum konum yrði heimilt að gangast undir tæknifrjógungunarmeðferð. Á fundum nefndar, sem skipuð var til að endurskoða ákvæði laga um tæknifrjógungun, var jafnframt ræddur sá möguleiki að heimila staðgöngumæðrun. Það varð hins vegar niðurstaða nefndarinnar að slíkar breytingar

²³ Lög um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 með síðari breytingum. (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996055.html>)

²⁴ Lög um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 með síðari breytingum.

²⁵ Þskj. 184, 120. lþ, 154. mál. (<http://www.althingi.is/altext/120/s/0184.html>)

þyrftu að fá vandaða og ítarlega umræðu og umfjöllun í samfélaginu áður en farið yrði fram með tillögur að slíkum breytingum fyrir Alþingi. Nefndin taldi tímabært að sú umræða yrði hafin og var af því tilefni fjallað um staðgöngumæðrun í almennum athugasemdum við frumvarpið.²⁶

“Með staðgöngumæðrun er átt við þær aðstæður þegar tæknifrjógungun er framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og láta það af hendi til hennar strax eftir fæðingu, sbr. 7. mgr. 1. gr. tæknifrjógungunarlaganna, en skv. 3. mgr. 6. gr. laganna er staðgöngumæðrun alfarið óheimil hér á landi.

Við staðgöngumæðrun er aðstaðan oftast sú að fósturvísi sem búinn hefur verið til með kynfrumum þeirra sem teljast munu foreldrar barnsins við fæðingu er komið fyrir í legi staðgöngumóður. Ekki er hins vegar útilokað að notaðar séu gjafakynfrumur eða að staðgöngumóðirin sjálf leggi til eigin eggfrumu en sæðisfrumur komi frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar sem á að fá barnið eftir fæðingu. Hjá flestum þörum sem óska eftir staðgöngumæðrun eru aðstæður þær að konan á ekki möguleika á ganga með barn, t.d. vegna meðfædds galla á legi eða að legið hafi verið numið brott vegna fæðingaráverka, krabbameins eða annarra líkamlegra þátta.

Margvísleg siðfræðileg álitamál koma upp við staðgöngumæðrun en þeir einstaklingar sem taka þarf tillit til í því sambandi eru í fyrsta lagi parið sem eiga að teljast foreldrar barnsins við fæðingu þess. Í öðru lagi er það staðgöngumóðirin og í þriðja lagi barnið sem fæðist.

Helsta álitafnið sem vaknar við staðgöngumæðrun er hvernig skilgreina beri móðerni barnsins. Samkvæmt núgildandi reglum telst kona sem fæðir barn sjálfkrafa móðir þess og skiptir þá ekki máli þótt gjafaeggfruma hafi verið notuð. Ef staðgöngumæðrun yrði leyfð þyrfti að víkja frá þeirri reglu,²⁷ en reynslan annars staðar sýnir að kona sem gengur með barn myndar tengsl við það jafnvel þótt það sé líffræðilega óskylt henni. Hefur þetta í einhverjum tilvikum skapað erfiðar og flóknar aðstæður.

Staðgöngumæðrun fylgir mikið álag fyrir þá konu sem tekur slíkt hlutverk að sér og er ólíklegt að margar konur séu tilbúnar til að lána líkama sinn með þeim hætti. Hvað gjafaegg varðar þá hefur reynslan sýnt að algengast er að ættingjar gefi eggfrumu, t.d. systir viðkomandi konu. Ekki er ólíklegt að þetta yrði eins í sambandi við staðgöngumæðrun. Þarf að gæta að því að slíkur þrýstingur, bæði beinn og óbeinn, á nákominn ættingja skaði ekki samband fólks.

Ef staðgöngumæðrun yrði leyfð þyrfti að gæta vel að hagsmunum barnsins. Rétt eins og með barn sem getið er með gjafaeggfrumu verður að hafa í huga að barnið á í tilteknum skilningi tvær mæður sem eru jafnvel innan sömu fjölskyldu og verður að veita foreldrum ráðgjöf um hvernig hægt er að ræða þau mál við barnið á þann hátt að það geti skilið það og sætt sig við það. Hafa flestar rannsóknir reyndar sýnt fram á að tengsl milli barna sem staðgöngumæður hafa borið og fætt og foreldra þeirra eru að jafnaði yfir meðallagi góð.”²⁸

²⁶ Þskj. 184, 120. lþ. 154. mál (<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0992.html>)

²⁷ Í mörgum löndum þar sem staðgöngumæðrun er leyfð er konan sem fæðir barnið (staðgöngumóðirin) talin móðir barnsins, þannig að væntanlegir foreldrar eða foreldri þurfa að ættleiða barnið. Sjá einnig kafla 5.3.1 um yfirfærslu foreldraréttar skv. breskum lögum:

²⁸ Þskj. 184, 120. lþ. 154. mál (<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0992.html>)

5.2. Norðurlönd

5.2.1 Danmörk. Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun nr. 460/1997²⁹ með síðari breytingum er tæknifrjóvgun konu sem hefur gert samkomulag um staðgöngumæðrun óheimil. Samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 1040/1999³⁰ er óheimilt að bjóða upp á milligöngu um staðgöngumæðrun og lagt er bann við því að nýta sér aðstoð þeirra. Einnig er óheimilt að auglýsa staðgöngumæðrun. Staðgöngumæðrum því bönnuð í Danmörku.

5.2.2 Finnland. Fram að gildistöku laga um tæknifrjóvgun 1. september 2007³¹ höfðu Finnar enga löggjöf um tæknifrjóvgun eða staðgöngumæðrun. Staðgöngumæðrun var talin heimil fyrir gildistöku laganna og tíðkaðist í einhverjum mæli. Samkvæmt fyrrgreindum lögum er ekki heimilt að framkvæma tæknifrjóvgun ef ástæða er til að ætla að barnið verði gefið til ættleiðingar og er staðgöngumæðrun því ekki lengur heimil í Finnlandi.

5.2.3 Noregur. Fjallað er um tæknifrjóvgun í lögum nr. 100/2003 um læknisfræðilega notkun líftækni.³² Ekki eru ákvæði í lögunum um staðgöngumæðrun. Ákvæði um bann við gjöf eggfrumna og fósturvísa koma hins vegar í veg fyrir staðgöngumæðrun með glasafjrjóvgun og er hún því ekki heimil í Noregi.

5.2.4 Svíþjóð. Ákvæði um tæknifrjóvgun er að finna í lögum um erfðafræðilega friðhelgi einstaklings við rannsókn, meðferð, greiningu o.fl. (Lov om genetisk integritet nr. 351/2006). Í lögunum er ekki fjallað um staðgöngumæðrun en skilyrði laganna um að ávallt verði að nota kynfrumur karlsins eða konunnar og að fósturvísir verði einungis settur upp í konu sem er í sambúð eða hjónabandi með samþykki maka koma í veg fyrir að hægt sé að framkvæma staðgöngumæðrun með tæknifrjóvgun. Staðgöngumæðrun er því ekki heimil í Svíþjóð.³³

²⁹ Lov nr. 460 av 10. juni 1997 om kunstig befrugtning som ændret ved lov nr. 427 af 10. juni 2003, lov nr. 69 af 4. februar 2004, lov nr. 240 af 5. april 2004 og lov nr. 535 af 8. juni 2006.

³⁰ Adoptionsloven nr. 1040/1999.

³¹ Lag om assisterad befruktning 22.12.2006,1237
<http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2006/20061237>

³² Lov 2003-12-05 nr. 100: Lov om humanmedisinsk bruk af bioteknologi m.m. (bioteknologiloven) som endret ved lov nr. 45 av 25 juni 2004, lov nr. 28 av 20. mai 2005, lov nr. 31 av. 15. juni 2007 og lov nr. 53 av. 27. juni 2008.

³³ Lag (2006:351) om genetisk integritet
<http://riksdagen.se/webbnav/index.aspx?nid=3911&bet=2006:351>

5.3 Önnur Evrópulönd

5.3.1 Bretland. Árið 1985 voru sett lög sem bönnuðu staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni og kveða lögin á um viðurlög vegna greiðslu fyrir milligöngu um staðgöngumæðrun og auglýsingar um staðgöngumæðrun.³⁴ Hins vegar er ekki ólöglegt að gera samning um staðgöngumæðrun. Slíkir samningar eru þó ekki aðfarahæfir sem þýðir m.a. að ekki er hægt að stefna staðgöngumóður, sem neitar að afhenda barn. Að sama skapi getur staðgöngumóðir ekki stefnt þeim sem hún gekk með barnið fyrir, ef þau neita að taka við barni, eða neita að greiða í samræmi við samninginn. Samkvæmt lögnum má staðgöngumóðirin ekki hagnast af samningi um staðgöngumæðrun en gert er ráð fyrir að verðandi foreldrar greiði staðgöngumóður allan eðlilegan kostnað sem tengist meðgöngunni ásamt því tekjutapi sem hún kann að verða fyrir. Algeng greiðsla til staðgöngumóður var skv. upplýsingum í Brazier Report frá 1998 eru 10 – 15 þúsund pund.³⁵ Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun frá 1990 er kona sem fæðir barn ávallt móðir þess að lögum.³⁶ Þar sem semur um staðgöngumæðrun getur hins vegar orðið foreldrar að lögum, annað hvort með sérstakri ákvörðun um það (“parental order”) skv. lögum um tæknifrjóvgun frá 1990 með breytingum frá 2008³⁷ eða með ættleiðingu. Sé notuð tæknifrjóvgun gilda ákvæði laga um tæknifrjóvgun og verklagsreglur samkvæmt þeim (Code of Practice)³⁸ og e.a. kröfur einstakra stofnana sem framkvæma tæknifrjóvganir.

5.3.2 Holland. Staðgöngumæðrun með tæknifrjóvgun í hagnaðarskyni er óheimil og getur varðað refsingu skv. hollenskri refsilöggjöf.³⁹ Staðgöngumæðrun með tæknifrjóvgun í velgjörðarskyni er leyfð, þ.e.a.s staðgöngumæðrun með hjálp frá vini eða ættingja, án þess að greiðsla komi fyrir.⁴⁰

5.3.3 Belgía. Ekki hafa verið sett ákvæði í lög sem banna staðgöngumæðrun í Belgíu. Ákvæði laga standa ekki í vegi fyrir því að notaðar séu staðgöngumæður. Staðgöngumæðrun með tæknifrjóvgun í velgjörðarskyni tíðkast í einhverjum mæli í Belgíu og er það í höndum tæknifrjóvgunarstofnana þar í landi að setja nánari skilyrði um fyrirkomulag staðgöngumæðrunar.⁴¹

³⁴ Surrogacy Arrangements Act 1985

³⁵ Brazier Report 1998

³⁶ Human Fertilisation and Embryology Act 1990, s. 27

³⁷ Human Fertilisation and Embryology Act 2008

³⁸ 8th Code of Practice (<http://www.hfea.gov.uk/code.html>)

³⁹ <http://www.wetboek-online.nl/wet/Sr/151b.html>. Wetboek van Strafrecht, Artikel 151b.

⁴⁰ <http://www.minvws.nl/zoeken/?querytext=draagmoeder>

⁴¹ http://humrep.oxfordjournals.org/cgi/reprint/22/suppl_1/i198.pdf

5.3.4 Úkraína. Samkvæmt úkraínskri löggjöf⁴² er staðgöngumæðrun leyfð hvort sem hún er gerð í hagnaðar- eða velgjörðarskyni. Gerðar eru þær kröfur til staðgöngumóður að hún sé á aldrinum 20 – 40 ára, búi við andlega og líkamlega góða heilsu og eigi að baki eina heilbrigða meðgöngu. Allir aðilar að staðgöngumæðruninni, þ.e. staðgöngumóðirin og verðandi foreldrar, verða að samþykkja fyrirkomulagið skriflega. Ekki eru gerðar neinar kröfur í lögunum um að staðgöngumóðirin tengist foreldrunum. Verðandi foreldrar verða löglegir foreldrar strax við fæðingu barnsins. Úkraínsk löggjöf gengur langt hvað þetta varðar þar sem flest lönd sem leyfa staðgöngumæðrun skilgreina konu þá sem fæðir barn löglega móður þess.⁴³

5.4 Önnur lönd

5.4.1 Bandaríkin. Framkvæmd staðgöngumæðrunar í Bandaríkjunum er ólík milli fylkja. Nokkur fylki banna öll form staðgöngumæðrunar með lögum. Í sumum fylkjum er staðgöngumæðrun einungis bönnuð ef hún er framkvæmd í hagnaðarskyni, en í þeim tilfellum er hún leyfð í velgjörðarskyni. Ennfremur eru fylki í Bandaríkjunum sem hafa ekki sett ákveðnar reglur um staðgöngumæðrun. Verður nú vikið að framkvæmd staðgöngumæðrunar í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna:

Í Flórída er staðgöngumæðrun leyfð og þar er ítarleg löggjöf um skilyrði sem uppfylla þarf svo að samningur um staðgöngumæðrun teljist lögmætur. Gerðar eru kröfur um að staðgöngumóðirin og verðandi foreldrar hafi náð tilteknum aldri og að verðandi foreldrar séu í hjónabandi og hafi þroska til að takast á við foreldrahlutverk. Ennfremur gera lögin ráð fyrir að verðandi móðir geti ekki gengið sjálf með barn af læknisfræðilegum ástæðum og nota verður kynfrumur frá karlinum eða konunni við staðgöngumæðrun. Þá skulu verðandi foreldrar greiða allan kostnað sem fellur til vegna heilbrigðis- og lögfræðipjónustu sem staðgöngumóðirin þarf á að halda í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Verðandi foreldrar greiða staðgöngumóðurinni sanngjarna greiðslu fyrir framfærslu á meðan á staðgöngumæðruninni stendur.⁴⁴ Ekki er unnt að byggja rétt á samningi um staðgöngumæðrun ef hann brýtur gegn ákvæðum laganna.⁴⁵ Staðgöngumæðrun er leyfð með svipuðum skilyrðum í New Hampshire.

Staðgöngumæðrun er leyfð í Utah fylki⁴⁶ með því skilyrði að eggfruma komi ekki frá staðgöngumóðurinni sjálfri. Gerðar eru þær kröfur að staðgöngumóðir eigi a.m.k. eina heilbrigða meðgöngu og fæðingu að baki. Ennfremur eru gerð sú krafa að verðandi foreldrar séu í hjónabandi og að konan geti ekki af heilsufarsástæðum gengið með barn.

⁴² Family Code of Ukraine og order 771 of the Health ministry of Ukraine (Reg. 04.02.97)

⁴³ <http://www.surrogacy911.com/laws/ukraine.htm>

⁴⁴ Susan Stockham, Attorney at Law. <http://www.surrogacy.com/legals/article/fflaw.html>

⁴⁵ Cook, Day Sclater, Kaganas. Surrogate Motherhood. International Perspectives.

⁴⁶ Utah Code Ann. 78-45g-801 to -809 (2007)

Þá þurfa verðandi foreldrar og staðgöngumóðir að hafa náð 21 árs aldri. Heimilt er að greiða staðgöngumóður sanngjarna greiðslu, en enga vísbendingu er að finna í lögunum um hve há sú greiðsla skuli vera. Samningur sem brýtur í bága við ákvæði laganna er ógildur.⁴⁷

Í District of Columbia⁴⁸, Indiana⁴⁹, Michigan⁵⁰ og New York⁵¹ er staðgöngumæðrun bönnuð hvort sem hún er gerð í velgjörðar- eða í hagnaðarskyni. Brot gegn ákvæðum um bann við staðgöngumæðrun geta varðað fangelsi eða sekt og er refsiramminn mismunandi eftir fylkjum.

Í Nebraska, Louisiana og Washington er staðgöngumæðrun eingöngu heimil ef hún fer fram í velgjörðarskyni. Samningar sem kveða á um greiðslu fyrir staðgöngumæðrun eru því ólöglegir og ógildir.⁵² Heimilt er þó að semja um greiðslur til staðgöngumóður vegna útgjalda sem tengist meðgöngunni og eðlilegs tekjutaps vegna hennar.

Í Nevada fylki er staðgöngumæðrun leyfð með lögum. Gagnkynhneigðum þörum í löglegu hjónabandi er heimilt að gera samning við staðgöngumóður um aðstoð við að eignast barn og skal samningurinn m.a. kveða á um faðerni og móðerni barnsins sem fæðist og hver skuli fara með forsjá þess. Lögin ganga út frá því að foreldrar sem skilgreindir eru í samningi um staðgöngumæðrun séu ávallt réttmætir foreldrar barnsins. Ekki er heimilt að greiða staðgöngumóðurinni sérstaka þóknun fyrir meðgönguna en verðandi foreldrar greiða þó allan kostnað sem fellur til í tengslum við staðgöngumæðrunina. Aðilum er að öðru leyti frjálst að semja sín á milli um staðgöngumæðrun og geta því samningar um staðgöngumæðrun verið mismunandi eftir aðstæðum fólks.⁵³

5.4.2 Ísrael. Frá árinu 1996 hefur staðgöngumæðrun verið leyfð með lögum⁵⁴ en fram að þeim tíma var hún bönnuð. Ísrael er eitt af fyrstu löndum í heiminum sem sett hefur ítarlega löggjöf um staðgöngumæðrun. Samkvæmt lögunum er staðgöngumæðrun leyfð enda komi eggfruma ekki frá staðgöngumóðurinni sjálfri. Þá gera lögin ráð fyrir að kynfruma karlsins sé ávallt notuð en heimilt er að nota gjafaegg sé frjósemi verðandi móður skert. Lögin kveða á um sérstaka nefnd sem hefur það hlutverk að taka afstöðu til þess hvort heimila skuli staðgöngumæðrun að uppfylltum skilyrðum laganna og hafa

⁴⁷ Cook, Day Sclater, Kaganas. Surrogate Motherhood. International Perspectives.

⁴⁸ D.C. Code 16-401 to 402 (2007).

⁴⁹ Burns Ind. Code Ann 31-9-2-126 to 127 and 31-20-1-1 to 3 (2007).

⁵⁰ MCLS prec 722.851.-863 (2007).

⁵¹ NYCLS Dom Rei 121-124 (2007).

⁵² <http://www.russiansurrogacy.com/surrogacy-law.html>.

⁵³ <http://www.hrc.org/issues/parenting/surrogacy/1291.htm>

⁵⁴ The Embryo Carrying Agreement (Authorization Agreement&Satus of the Newborn child) 1996.

eftirlit með framkvæmd staðgöngumæðrunar. Liggja verður fyrir mat læknis um andlegt og líkamlegt hæfi verðandi staðgöngumóðir og mat sérfræðinga á að verðandi foreldrar séu tilbúnir til að standa við samninginn. Þá gerir nefndin þá kröfu að samningarnir séu gerðir af fúsum og frjálsum vilja og aðilar hans geri sér grein fyrir efni hans og afleiðingum. Til að tryggja það stendur öllum aðilum til boða lögfræðiráðgjöf. Í samningi skal kveðið á um rétt staðgöngumóður til sérfræðiráðgjafar fyrir og eftir fæðingu barnsins.⁵⁵ Heimilt er að semja um greiðslu til staðgöngumóður en nefndin þarf að samþykkja fjárhæð hennar. Virða skal rétt staðgöngumóður til að neita lækni meðferð.

5.4.3 Indland Ekki er fjallað um staðgöngumæðrun í indverskri löggjöf en hæstiréttur landsins hefur staðfest í dómum sínum að staðgöngumæðrun brjóti ekki í bága við lög. Staðgöngumæðrun er því leyfð hvort sem hún er gerð í velgjörðar- eða hagnaðarskyni. Engar reglur er að finna í lögum um fyrirkomulag staðgöngumæðrunar en indverska rannsóknaráðið (The Indian Council for Medical Research) hefur birt leiðbeiningar um framkvæmd staðgöngumæðrunar. Þær hafa hins vegar ekki lagagildi. Með hliðsjón af því frjálsræði sem ríkir á Indlandi um fyrirkomulag staðgöngumæðrunar og þeirrar staðreyndar að ódýrt er að sækja þessa þjónustu þangað er Indland að verða leiðandi í framkvæmd staðgöngumæðrunar í heiminum hvað umfang varðar. Það frjálsræði sem ríkir um fyrirkomulag staðgöngumæðrunar á Indlandi hefur verið gagnrýnt og þá helst fyrir það að löggjöf á þessu sviði skorti. Árið 2008 voru kynnt drög að frumvarpi að lögum um staðgöngumæðrun en það hefur enn ekki verið lagt fram á þingi.⁵⁶

5.5 Samantekt

Staðgöngumæðrun er hvergi heimil á Norðurlöndum en löggjöf landanna er misskýr hvað þetta varðar. Í íslenskum og dönskum lögum er skýrt tekið fram að staðgöngumæðrun sé óheimil. Í löggjöf hinna Norðurlandanna eru hins vegar ekki jafn skýr ákvæði um bann við staðgöngumæðrun en önnur ákvæði leiða til þess að staðgöngumæðrun er óheimil.

Í flestum löndum Evrópu er staðan sú að staðgöngumæðrun er ekki leyfð, þ.e.a.s. hún er ýmist bönnuð með beinum ákvæðum eða ákvæði annarra laga, t.d. laga um tæknifrjógvun eða laga um ættleiðingu, koma í veg fyrir að staðgöngumæðrun sé heimil. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar. Þannig er staðgöngumæðrun leyfð með lögum í Rússlandi, Ungverjalandi og Úkraínu með misströngum skilyrðum. Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er leyfð í nokkrum löndum, t.d. í Bretlandi, Grikklandi, Georgíu og Hollandi. Í nokkrum Evrópulöndum eru engin ákvæði um staðgöngumæðrun í löggjöf, meðal þeirra eru Belgía, Króatía, Tékkland, Portúgal og Rúmenía og standa ákvæði laga því ekki í vegi fyrir staðgöngumæðrun. Kostir þess að setja löggjöf um staðgöngumæðrun eru að þannig er unnt að tryggja réttindi og skyldur staðgöngumóður, barns og verðandi

⁵⁵ Cook, Day Sclater, Kaganas. Surrogate Motherhood. International Perspectives. Ch. 3

⁵⁶ <http://www.indianexpress.com/news/guidelines-on-surrogacy-soon-revoked/327102>

foreldra. Með lögum um staðgöngumæðrun er jafnframt hægt að tryggja opinbert eftirlit með framkvæmdinni.

Framkvæmd staðgöngumæðrunar í Bandaríkjunum er mismunandi milli fylkja. Yfirvöld margra fylkja í Bandaríkjunum virðast almennt hvorki banna staðgöngumæðrun með öllu, né styðja fyrirkomulagið. Þar er því ekki að finna lög eða reglur sem tryggja réttindi og skyldur staðgöngumæðra, verðandi foreldra eða barna. Þá vantar oft ákvæði um refsingu vegna brota gegn ákvæðum um staðgöngumæðrun, í þeim fylkjum þar sem staðgöngumæðrun er bönnuð.⁵⁷

6. Lokaorð.

Í þessari skýrslu hefur verið dregið á helstu atriði tengd staðgöngumæðrun frá sjónarhóli læknisfræðinnar, rakin þau siðferðilegu álitaefni sem fyrst og fremst tengjast staðgöngumæðrun og gefið ítarlegt yfirlit yfir lagalega stöðu málsins hérlendis og í ýmsum öðrum löndum.

Eins og m.a. kom fram í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun vorið 2008 er nauðsynlegt að málið fái ítarlega umræðu og umfjöllun í samfélaginu áður en afstaða er tekin til þess hvort heimila eigi staðgöngumæðrun og þá með hvaða skilyrðum. Þar skiptir m.a. máli að sem best samræmi sé á milli löggjafar hér á landi og í þeim ríkjum sem við höfum mest samskipti við. Vinnuhópurinn vonast til þess að þessi skýrsla geti orðið grundvöllur upplýstrar umræðu um staðgöngumæðrun.

Stefnt er að því að efna til opins fundar um staðgöngumæðrun í mars n.k. til að ræða hvort heimila beri staðgöngumæðrun og ef það væri gert þá með hvaða takmörkunum.

Atriði sem ræða þarf í því sambandi eru m.a.:

- Hverjum ætti að vera heimilt að nýta þjónustuna (hvernig á að þrengja hópinn)?
- Á að setja skilyrði um að verðandi foreldrar og staðgöngumóðir séu búsett hér á landi eða á þjónustan að vera aðgengileg fyrir aðra?
- Er líklegt að staðgöngumæðrun yrði hér arðbær atvinnugrein (við myndum fá það sem nefnt hefur verið “medical tourism and procreation”) er það jákvætt eða neikvætt?
- Kemur til greina að víkja frá reglunni um að kona sem elur barn teljist móðir þess að lögum?

⁵⁷ Cook, Day Sclater, Kaganas. Surrogate Motherhood. International Perspectives.

- Á að tryggja rétt barna til að þekkja uppruna sinn?
- Á að leyfa greiðslur fyrir staðgöngumæðrun eða gera allt slíkt ólöglegt? Hvað með greiðslu fyrir vinnutap, álag, hugsanlegt heilsutjón? Er hægt að setja eitthvert þak á slíkar greiðslur?
- Á að leyfa auglýsingar eftir staðgöngumæðrum og opna á þann möguleika að engin tengsl séu á milli verðandi móður og staðgöngumóður?
- Á ríkið að taka þátt í kostnaði við staðgöngumæðrun svo sem vegna glasafriðvagnar?

Heimildaskrá:

1. Althingi.is (2010), sótt 13/01/10 á slóðirnar:
<http://www.althingi.is/altext/135/s/0992.html>,
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996055.html>,
<http://www.althingi.is/altext/120/s/0184.html>
2. Anton van Niekerk og Liezl van Zyl. The ethics of surrogacy: women's reproductive labour. *Journal of medical ethics*, 1995; 21: 345-349
3. Berman JM. Intrauterine adhesions. *Semin Reprod Med*. 2008 Jul;26(4):349-55.
4. Brazier report 1998, sótt 1/2/10 á slóðina:
http://www.dh.gov.uk/en/Publicationsandstatistics/Publications/PublicationsLegislation/DH_4009697
5. Cook, Day Sclater, Kaganas: Surrogate Motherhood. *International Perspectives* (2003).
6. Det Etske Råds udtalelse om rugemødre, 21.mai, 2008.
<http://www.etiskraad.dk/sw17745.asp> (16.nóv. 2009).
7. Finlex.fi (2010), sótt 1/2/10 á síðuna:
<http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2006/20061237>
8. Hfea.gov.uk (2010), sótt á síðuna:
http://www.hfea.gov.uk/docs/complete_CoP8.pdf
9. Humrep.oxfordjournals.org (2010) sótt 1/2/10 á síðuna:
http://humrep.oxfordjournals.org/cgi/reprint/22/suppl_1/i198.pdf
10. Hrc.org (2010) sótt 1/2/10 á síðuna:
<http://www.hrc.org/issues/parenting/surrogacy/1291.htm>
11. Indianexpress.is (2010), sótt 1/2/10 á síðuna:
<http://www.indianexpress.com/news/guidelines-on-surrogacy-soon-renuka/327102>
12. Jackson, *Medical Law: Text, Cases and Materials* (Oxford University Press, 2006,) Ch..15: Surrogacy pp 872-908
13. Lovdata.no (2010), sótt 1/2/10 á síðuna: /<http://www.lovdata.no/all/nl-20031205-100.html>

14. Mfa.gov.ua (2010), sótt 1/2/2010 á síðuna:
http://www.mfa.gov.ua/data/upload/publication/usa/en/7148/family_kideks_engl.pdf
15. Minvws.nl (2010), sótt 1/2/10 á síðuna:
<http://minvws.nl/kamerstukken/pg/2008/commercieel-draagmoederschap.asp>
16. [Morcel K](#), [Camborieux L](#); [Programme de Recherches sur les Aplasies Müllériennes](#), [Guerrier D](#). Mayer-Rokitansky-Küster-Hauser (MRKH) syndrome. [Orphanet J Rare Dis](#). 2007 Mar 14;2:13.
17. [Morcel K](#), [Guerrier D](#), [Watrin T](#), [Pellerin I](#), [Levêque J](#). The Mayer-Rokitansky-Küster-Hauser (MRKH) syndrome: clinical description and genetics. [J Gynecol Obstet Biol Reprod \(Paris\)](#). 2008 Oct;37(6):539-46.
18. M.M.Tieu. “Altruistic surrogacy: the necessary objectification of surrogate mothers”. [J Med Ethics](#). 2009; 35:171-175.
19. Olga B.A. van den Akker. “Psychological aspects of surrogate motherhood”. [Human reproduction Update](#), vol.13, No1 pp.53-62, 2007.
20. Opsi.gov.uk (2010), sótt 1/2/10 á slóðirnar:
http://www.opsi.gov.uk/RevisedStatutes/Acts/ukpga/1985/cukpga_19850049_en_1, http://www.opsi.gov.uk/Acts/acts1990/Ukpga_19900037_en_1.htm
21. Ragoné Helena: [Surrogate Motherhood: Conception In The Heart](#). West view Press, 1994
22. Retsinformation.dk (2010), sótt 1/2/10 á slóðirnar:
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=84963>,
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=716&exp=1>
23. Rikisdagen.se (2010), sótt 1/2/10 á slóðina:
<http://riksdagen.se/webbnav/index.aspx?nid=3911&bet=2006:351>
24. [Russianrrogacy.com](#) (2010), sótt 1/2/10 á síðuna:
<http://www.russiansurrogacy.com/Surrogacy-Law.html>
25. [Surrogacy.com](#) (2010), sótt 1/2/10 á síðuna:
<http://www.surrogacy.com/legals/article/flaw.html>
26. Susan Golombok, Fiona MacCallum, Clare Murray, Emma Lycett, Vasanti Jadva. “Surrogacy families: parental functioning, parent-child relationships and children’s psychological development at age 2”. [Journal of Child Psychology and Psychiatry](#) 47:2 (2006), pp 213-222.
27. [Surrogacy911.com](#) (2010), sótt 1/2/2010 á síðuna: <http://www.surrogacy911.com/>
28. [Stivanello E](#), [Knight M](#), [Dallolio L](#), [Frammartino B](#), [Rizzo N](#), [Fantini MP](#). Peripartum hysterectomy and cesarean delivery: a population-based study. [Acta Obstet Gynecol Scand](#). 2010 Jan 17.
29. [Wetboek online.nl](#) (2010), sótt 1/2/10 á síðuna: <http://www.wetboek-online.nl/wet/Sr/151b.html>
30. [Whiteman MK](#), [Kuklina E](#), [Hillis SD](#), [Jamieson DJ](#), [Meikle SF](#), [Posner SF](#), [Marchbanks PA](#). Incidence and determinants of peripartum hysterectomy. [Obstet Gynecol](#). 2006 Dec;108(6):1486-92.

